

“Vits er þörf þeim er víða ratar”

- Vegvísir að búsetu í Belgíu -



Íslandsfélagið í Belgíu

Desember 2011

1. Inngangur.....	3
2. Almennt um Belgíu.....	3
3. Íslandsfélagið í Belgíu	5
4. Sendiráð Íslands í Belgíu	6
5. Að flytja til Belgíu	7
5.1. Almennt.....	7
5.2. Fyrstu skrefin	7
5.3. Hvar er best að búa?	8
6. Leiguhúsnæði og húsnæðissamningar.....	10
7. Rekstrarkostnaður húsnæðis, viðtaka og skil	11
7.1. Rafmagn og gas	11
7.2. Neysluvatn.....	12
7.3. Sími, internet og sjónvarp	13
7.4. Þjófavarnir og tryggingar	13
7.5. Viðtaka og skil.....	13
8. Sorphirða og garðsláttur, hin heilaga tvenna	14
8.1. Sorphirða	14
8.2. Garðsláttur.....	15
9. Bifreiðar, belgísk umferð og umferðarreglur	15
9.1. Bifreiðar	15
9.2. Umferðarreglur.....	17
10. Vöggustofur, dagheimili og skólar	17
10.1. Vöggustofur	17
10.2. Dagheimili	18
10.3. Grunn- og framhaldsskólar	18
11. Heilbrigðisþjónusta.....	19
11.1. Almennt	19
11.2. Sálfræðingar og geðlæknar	20
11.3. Apótek	20
11.4. Fæðingar- og ungbarnaeftirlit	20
12. Verslanir, veitingastaðir o.fl.	20
12.1. Matvöruverslanir, bakarí o.fl.	20

12.2.	Önnur verslun.....	21
12.3.	Almennir opnunartímar, hátíðsdagar.....	22
12.4.	Útimarkaðir	22
12.5.	Veitingastaðir og kaffihús	23
12.6.	Leigubílar	23
13.	Afþreying.....	24
14.	Brussel eftir hverfum.....	24
14.1.	Höfuðstaðurinn Brussel	25
14.2.	Ukkel/Uccle (B-1180)	25
14.3.	Anderlecht (B-1070)	25
14.4.	Watermael-Boitsfort/Watermaal-Bosvoorde (B-1170).....	25
14.5.	Auderghem/Oudergem (B-1160)	26
14.6.	Woluwe-Saint-Lambert/Lambrechts-Woluwe (B-1200).....	26
14.7.	Wezembeek-Oppem (B-1970)	26
15.	Neyðar- og þjónustunúmer, gagnlegir tenglar á netinu.....	27
16.	Hollráð húshommans.....	28
17.	Lokaorð.....	30

1. Inngangur

Það er stórt skref að setjast að í nýju landi, takast á við framandi tungumál og kynnast ólíkum siðum og reglum frá því sem við eigum að venjast á Íslandi. Hvar er best að búa, hvernig er leigu- og fasteignamarkaðurinn, og hvert á að snúa sér varðandi atriði eins og þjónustu banka og tryggingafélaga? Þessum spurningum og mörgum öðrum er svarað í eftirfarandi handbók, sem ætlað er að vera vegvísir fyrir Íslendinga sem eru nýlega fluttir eða hyggjast flytja til Belgíu. Handbókin er gefin út af Íslandsfélaginu í Belgíu og tekur meginmál bókarinnar mið af lífi og búsetu í Brussel, en gildir að breyttu breytanda um landið í heild. Stjórnin vill þakka sendiráði Íslands í Brussel fyrir ómælda aðstoð við gerð handbókarinnar, en stuðst var við drög að handbók svipaðs efnis, sem sendiráðið hefur lumað á í allmörg ár. Þá var leitað fanga í erlendum tímaritum og má þar helst nefna *Hints for living in Belgium* og *Newcomer*. Síðast en ekki síst var stuðst við reynslu stjórnarmanna Íslandsfélagsins af því að flytja til Belgíu og kynnast jákvæðum og neikvæðum hliðum þess. Við gerð handbókarinnar var leitast við að takmarka tilvísanir til vefslóða og heimasíðna, enda hægur vandi fyrir hvern og einn að finna viðkomandi tengla með google leitarforritinu góða. Lista yfir gagnlega tengla má þó finna aftast í handbókinni. Misfellur í texta eru alfarið á ábyrgð félagsstjórnar og eru ábendingar um allt sem betur mætti fara vel þegar, en handbókin verður uppfærð reglulega og vistuð á heimasíðu félagsins (<http://islandsfelag.com/>).

2. Almennt um Belgíu

Belgía er sambandsríki, sem hlaut sjálfstæði 1830 og lýtur formlegri konungsstjórn. Landið er aðeins 30.528 km² eða tæplega þriðjungur af flatarmáli Íslands. Íbúafjöldi er þó öllu meiri eða um 11 milljónir. Opinber tungumál eru þrjú, flæmska (hollenska), franska og þýska. Landið skiptist að nokkru eftir málsvæðum í þrjú meginhéruð, hið flæmskumælandi Flanders í norðri, hið frönskumælandi Vallonia í suðri loks, og höfuðborgina Brussel, sem liggur því sem næst í miðju landinu, en franska er þar ríkjandi tungumál. Þýskan er ráðandi tunga í 70.000 manna héraði í austur Valloniu. Flæmingjar eru almennt góðir tungumálamenn og kunna jafnt frönsku sem ensku, á

meðan Vallónar eru oftar en ekki aðeins frönskumælandi. Frönskukunnátta getur því komið sér einkar vel ef búseta er valin í Brussel eða Valloniu. Brussel er stærsta borgin með tæplega eina milljón íbúa (um 1.700.000 með nágrannasveitarfélögum) og er áætlað að um 30% þeirra séu erlendir ríkisborgarar. Antwerpen fylgir næst á eftir með um 500.000 íbúa og Gent er þriðja í röðinni með ríflega 200.000 íbúa.

Stjórnskipulag Belgíu þykir í senn flókið og þungt í vöfum, en fyrrgreind héruð skiptast í ótal minni sveitarfélög, sem öll hafa töluverða sjálfstjórn. Þannig eru 19 sveitarfélög í Brussel og geta mismunandi reglur gilt í samskiptum við staðaryfirvöld. Er ólíku saman að jafna skrifræðinu hér og á Íslandi, en ekki er óalgengt að bið eftir persónuskilríkjum og sjúkratryggingaskírteinum sé talin í vikum og jafnvel mánuðum fremur en dögum. Þolinmæði er því mikill kostur fyrir þá sem hér vilja búa.

Belgía er oft kölluð best varðveitta leyndarmál Evrópu og er þá ekki átt við stjórnsýslubáknið heldur jákvæðar hliðar landsins, sem allt of fáir virðast vita af. Belgar búa til besta konfekt í heimi og fá, ef nokkur, ríki geta státað af betri ölgerð. Matar- og kaffihúsamening er gróskumikil og er haft á orði að Frakkar tali um góðan mat á meðan Belgarnir búi hann til. Þannig eru fleiri Michelin veitingastaðir í Brugge, miðað við höfðatölu, en í nokkurri franskri borg. Höfuðstöðvar Evrópusambandsins og NATO eru í Brussel og er mikill fjölmeningarbragur á borginni og hún rómuð fyrir græn svæði og falleg torg. Landið býr einnig yfir mörgum öðrum fallegum borgum og bæjum, s.s. Brugge og Gent, og yndislegum sveitum, sem bjóða upp á fjölbreytta útivistarmöguleika. Ardennafjöllin eru að margra mati perla Belgíu í þessu tilliti. Veðurfar er milt og þótt sagt sé að hér sé votviðrasamt, þá er dagleg úrkoma sjaldnast mikil og oft nær sólin að brjótast fram milli skúra. Í Belgíu vorar í mars/apríl og getur hitinn hæglega náð 15-20 gráðum. Frá maí til ágúst/september er hitinn um og yfir 20-25 gráður, um 14-17 stig í október og nóvember, en fer síðan ört lækkandi yfir vetrarmánuðina desember/janúar/febrúar. Má þá búast við frosti og einhverri snjókomu, en snjóinn tekur einatt upp á örfáum dögum, ef ekki samdægurs. Veturnir 2009-2010 og 2010-2011 þóttu þó óvenjuharðir og hvíldi snjór yfir öllu svo vikum skipti.

Áætlað er að um 250 Íslendingar búi í Belgíu og eru flestir þeirra starfsmenn sendiráðsins, stofnana EFTA eða annarra alþjóðastofnana, búsettir í Brussel ásamt mökum og börnum. Þá er hér hópur listamanna, stúdentar í framhaldsnámi og aðrir sem kosið hafa að búa og starfa utan landsteinanna. Er oft vitnað til þessa fjölbreytta hóps sem Íslendinganýlendunnar í Belgíu og er á hennar vegum starfrækt öflugt félag, sem nú skal vikið að.

3. Íslandsfélagið í Belgíu

Íslandsfélagið í Belgíu var stofnað í byrjun níunda áratugs síðustu aldar í þeim tilgangi að efla samskipti og félagslíf Íslendinga í Belgíu og styrkja tengsl Íslendinga og Íslandsvina í Belgíu. Félagið er öllum opið og er núverandi árgjald 50 evrur fyrir hvern fullorðinn, 18 ára og eldri, þó þannig að stúdentar og starfsmenn yngri en 30 ára greiða aðeins hálf gjald. Á vegum félagsins er starfræktur Íslenski skólinn og eru að jafnaði 30-35 börn skráð í skólann, en starfsárið er frá október til apríl og kennt á sunnudögum frá 10:30 til 13 í Scandinavian School of Brussels í Waterloo. Kennslan er að mestu fjármögnuð með skólagjöldum og er gjald fyrir hvert barn 210 evrur, þó þannig að þeir foreldrar sem greitt hafa árgjald til Íslandsfélagsins borga 170 evrur fyrir fyrsta barn og 80 evrur fyrir hvert systkini. Nánari upplýsingar um skólastarfið veita dr. Andrés Ingason skólastjóri (andres.ingason@regionh.dk) og Steinunn Pálsdóttir formaður skólanefndar (steinunn.palsdottir@utn.stjr.is).

Af annarri starfsemi Íslandsfélagsins má nefna að félagið gefur árlega út símaskrá Íslendinga í Belgíu, býður til vor- og haustferða, skipuleggur 17. júní hátíðarhöld, heldur golfmót að sumri, jólaball á aðventu og veglegt þorablót í byrjun febrúar, auk minni uppákoma eins og tilefni er til. Þá starfar félagið í samvinnu við knattspyrnufélagið Best Ham, en það er fjölþjóðlegt félag áhugamanna og -kvenna á aldrinum 10-70 ára, sem hittist á sunnudögum í Waterloo og spilar fótbolta frá kl. 11 árdegis til 12:30. Nýliðar eru ávallt velkomnir og geta skráð sig á netfangi formanns Best Ham, Jónasar Jóhannssonar (iramod@yahoo.com). Íslandsfélagið heldur og úti póstlista, en á hann fara allar tilkynningar um starfsemina, auglýsingar um helstu menningarviðburði í Brussel, og hægt er að fá birtar auglýsingar um allt milli himins

og jarðar. Póstlistinn er öllum opinn og geta áhugasamir skráð sig á listann með því að senda póst á netfangið islandsfelag@gmail.com, þangað má og beina almennum fyrirspurnum og mun félagið reyna að greiða götu allra sem þangað leita. Loks heldur félagið úti fésbókarsíðunni Íslandsfélagið í Belgíu. Formaður Íslandsfélagsins er Jónas Jóhannsson.

4. Sendiráð Íslands í Belgíu

Sendiráðið okkar í Brussel er fjölmennasta sendiskrifstofa Íslands og tekur til fimm umdæmisríkja: Belgíu, Lúxemborgar, Hollands, Sviss og San Marino. Skrifstofan er og sendiráð Íslands gagnvart Evrópusambandinu og þjónar þar mikilvægu hlutverki vegna aðildarviðræðna við ESB, sem og vegna framkvæmdar EES-samningsins og annars Evrópusamstarfs, s.s. þátttöku Íslands í Schengen. Gagnvart hinum almenna borgara hefur sendiráðið hið hefðbundna hlutverk að veita íslenskum ríkisborgurum aðstoð, s.s. vegna útgáfu vegabréfa og ökuskrteina, slysa, alvarlegra veikinda, eða andláts, og veitir leiðbeiningar og ráð varðandi önnur atriði, s.s. val á lögfræðingi, túlki eða öðrum sérfræðingi. Athuga ber að sendiráðið er öryggisventill okkar sem hér búa eða dvelja um skemmri tíma. Það er ekki húsnæðis- eða atvinnumiðlun, því síður hótélbókanafyrirtæki, og fer hvorki inn á verksvið belgískra yfirvalda né hefur afskipti af lögmætum ákvörðunum þeirra. Sendiráðið annast um framkvæmd utankjörstaðakosninga fyrir Alþingis- og sveitarstjórnarkosningar. Loks má nefna að sendiráðið gætir hagsmuna Íslands í víðum skilningi á sviði utanríkis-, viðskipta- og menningarmála og leggur sitt af mörkum til kynningar á landi og þjóð. Nánari upplýsingar um starfsemi sendiráðsins og þjónustu við íslenska ríkisborgara má finna á <http://www.iceland.is/iceland-abroad/be/islenska/>. Sendiráðið er til húsa að Rond-Point Schuman 11, 1040 Brussel. Öðugt getur reynst að finna bílastæði í grennd við sendiráðið, en tæplega 100 metrum frá er neðanjarðarlestastöð (metro). Sendiráðið er opið alla virka daga frá kl. 09-17. Sendiherra er Þórir Ibsen.

5. Að flytja til Belgíu

5.1. Almenn

Eins og áður segir eru um 250 Íslendingar búsettir í Belgíu, þar af langflestir í Brussel og nágrenni. Þeir sem vinna úti starfa flestir á vegum sendiráðsins, stofnana EFTA eða annarra alþjóðastofnana og búa hér yfirleitt um fyrirfram ákveðinn tíma, allt frá sex mánuðum upp í sex ár, þótt allur gangur geti verið á því. Er því töluverð hreyfing á fólki og ávallt flytja nýjir Íslendingar í nýlenduna í stað hinna gömlu þegar þeir hverfa aftur til Íslands. Yfirleitt er einhver aðdragandi að því að nýjir einstaklingar eða fjölskyldur bætast í hóp nýlendubúa og hafa þeir hinir sömu væntanlega áður kynnt sér aðstæður og mótað sér skoðun um búsetustað með tilliti til atvinnu, skóla og annarra þátta. Er mikilvægt að íhuga slík atriði vel, en mikill munur getur verið á borgum og bæjum, sem og einstökum hverfum innan borga, t.d. að því er varðar leigu- og fasteignaverð, aðgengi að skólum, almenningsamgöngur, bifreiðastæði og síðast en ekki síst glæpatíðni. Það hefur reynst mörgum fjötur um fót að skipta um skoðun eftir komuna til Belgíu, en húsaleigulög eru ströng og erfitt að komast undan gerðum leiguamningi án greiðslu himinhárra skaðabóta.

5.2. Fyrstu skrefin

Þegar flutt er til Belgíu ber að tilkynna slíkt til þjóðskrár, óháð því hvort viðkomandi hyggist flytja lögheimili sitt, en t.d. halda sendiráðsstarfsmenn og fjölskyldur þeirra lögheimili á Íslandi. Öllum sem ætla að búa í Belgíu lengur en í þrjá mánuði ber að sækja um belgískt persónuskilríki (ID-kort) innan átta daga frá komu til landsins og gildir þetta jafnt um fullorðna og börn. Umsóknareyðublöð liggja frammi á viðkomandi bæjarskrifstofu og skulu þrjár passamyndir fylgja hverri umsókn. Mismunandi reglur geta þó gilt, t.d. varðandi sendiráðsstarfsmenn. Vinnuveitendur eru oft starfsfólki og fjölskyldum þeirra innan handar við gerð og skil umsókna og leiðbeina jafnframt um val á sjúkratryggingum og skráningu í belgíska almannatryggingakerfið. Er mikilvægt að hafa áður aflað svokallaðs vottorðs E101, sem og sjúkratryggingavottorðs, sem Tryggingastofnun ríkisins eða TR (<http://www.tr.is/>) lætur í té, og láta fylgja umsókn um skráningu í Belgíu. Á meðan beðið er eftir skráningu, sem getur tekið sinn tíma

eins og annað hér í Belgíu, er rétt að notast við hið evrópska sjúkratryggingakort, sem TR lætur í té. Sendiráðsstarfsmenn eru sjúkratryggðir hjá Mutualite Partena og starfsmenn EFTA margir hjá Vanbreda, en að sjálfsögðu er val um fleiri félög á þessu sviði. Framvísun sjúkratryggingaskírteinis er algjör forsenda fyrir niðurgreiðslu á lækni- og tannlæknaþjónustu, sem og lyfjakostnaði, og getur numið umtalsverðum fjárhæðum.

Fyrir þá sem flytja með sér bifreið eða hyggjast festa kaup á bifreið í Belgíu er ráðlegt að afla yfirlýsingar um tjónaferil (*No Claim Paper*) frá íslensku tryggingafélagi og framvísa hjá nýju tryggingafélagi hér, en jákvæður tjónaferill getur lækkað iðgjald bifreiðatrygginga, sem eru þó nógu há fyrir í Belgíu. Athuga ber að útlendingar geta ekki keypt bifreið og fengið hana skráða í Belgíu nema þeir sýni fram á búsetu hér.

Í Belgíu eru starfrækt mörg tryggingafélög og er fólki benti á að kynna sér skilmála fleiri en eins. Þó má nefna að mikill fjöldi Íslendinga virðist sjá hagsmunum sínum best borgið hjá KBC (<http://www.kbc.be>) en meðal starfsmanna þar er Íslandsvinurinn Alex Verbraeken, sem hefur reynst okkur nýlendubúum sérlega vel.

Þá munu margir Íslendingar vera í bankaviðskiptum hjá ING bankanum, sem er meðal stærstu banka í Evrópu. Almennt gildir, að bið eftir debetkorti er ekki löng, en afgreiðsla kreditkorta getur tekið nokkrar vikur. Bankaþjónusta er ekki jafn hraðvirk og á Íslandi og getur millifærsla milli banka innan Belgíu tekið nokkra daga. Þá eru bankarnir hér varfærnari að því er varðar úttektarheimildir af kreditkortum, sér í lagi þegar um nýja viðskiptavini er að ræða.

Mikil samkeppni er á fjarskiptamarkaði í Belgíu, bæði að því er varðar síma-, internet- og sjónvarpsþjónustu og er skynsamlegt að skoða alla kosti áður en gengið er til samninga við tiltekið fyrirtæki. Er rétt að huga að þessu strax við komu, enda getur bið eftir heimaþjónustu verið nokkur

5.3. Hvar er best að búa?

Þetta er flókin spurning og við henni eru engin einhlít svör. Í Brussel eru 19 hverfi og eru þau um margt ólík. Fjölskyldufólk kýs oft að búa á rólegum stað, fjarri ys og þys miðborgarinnar, og mætti benda því á hverfi eins og Wezembeek-Oppem, Woluwe

St. Lambert, Woluwe St. Pierre, Auderghem og Watermael-Boitsfort, að mörgum öðrum ólöstuðum. Þeir sem kjósa nærveru við mannlíf miðborgarinnar gætu skoðað hverfi eins og Ixelles, Brussel 1000 eða Saint Gilles, á meðan enn aðrir kjósa að búa rétt utan borgarinnar, s.s. í Kraainem, Tervuren eða Overijse. Hafa ber í huga að glæpatíðni er há í Brussel, einkum innbrot og bílstuldir, og eru sum hverfi hættulegri en önnur í þessu tilliti. Anderlecht ber stundum á góma í þessu sambandi, sér í lagi í námunda við Midi lestarstöðina, sem og Molenbeek. Hvert sem hugurinn stefnir er ávallt rétt að huga að eigin hag, en til dæmis geta iðgjöld bifreiðatrygginga ráðist af búsetuhverfi.

Þá er mikilvægt að kanna atriði eins og bílastæði, en það getur verið þrautinni þyngri að finna bílastæði í miðborginni og nálægum hverfum. Skólamálin geta einnig vegið þungt, en mörgum hefur reynst erfitt að fá pláss fyrir börn sín í viðkomandi búsetuhverfi. Er því rétt að huga snemma að þessu. Almenningsamgöngur eru mismunandi eftir hverfum og er ráðlegt að skoða vel hvaða hverfi eru tengd neðanjarðarlestakerfinu (metro). Sporvagnar ganga víða og er umferð þeirra án tafa, en ef reiða á sig á strætisvagna er best að taka góðan tíma í það, enda mikil umferð á öllum umferðaræðum borgarinnar frá u.þ.b. kl. 07-20, alla daga nema sunnudaga. Þeim sem nota almenningsamgöngutæki daglega til að komast í og úr vinnu eða skóla er ráðlagt að kaupa mánaðar- eða árspassa, en þannig má spara dágóðan skildinginn.

Ekki má gleyma húsnæðisverði, en húsaleiga er mismunandi eftir hverfum og oft dýrari því nær sem dregur miðborginni. Almennt má segja að húsaleiga sé þó lág, samanborið við aðrar helstu stórborgir Evrópu. Algeng mánaðarleiga fyrir svokallað town-house er 1.900-2.300 evrur, fyrir rúmgóða íbúð 1.200-1.400 evrur og fyrir einbýlishús frá 2.000 evrum og upp úr. Leiga á minni eignum er sjaldan undir 600-800 evrum á mánuði. Ef búa skal í Belgíu í fimm ár eða lengur gæti verið ráðlegt að íhuga fasteignakaup. Hafa í það minnsta nokkrir nýlendubúar farið þessa leið, og mælt með henni eftir á. Að sjálfsögðu verður að gæta varúðar og skoða slíkt ofan í kjölinn. Fasteignamarkaðurinn í Belgíu hefur lengi þótt stöðugur og lítil hættu á að

fólk sitji uppi með óseldar eignir við brottför eða bíði tjón af endursölu eigna. Skal nú vikið nánar að húsaleigumálum.

6. Leiguhúsnæði og húsnæðissamningar

Ástand leiguhúsnæðis í Belgíu er almennt gott. Eldhús eru oft lítil, sérstaklega í eldra húsnæði, og eldhúsinnréttingar stundum fátæklegri en við eigum að venjast á Íslandi. Einangrun við glugga og útidyr getur verið ábótavant og er rétt að skoða ástand glerja (einfalt gler eða tvöfalt), enda er kyndingarkostnaður afar hár í Belgíu miðað við gamla góða Ísland. Eldavél og ísskápur fylgja með leiguhúsnæði og stundum fylgir einnig uppvottavél. Ef verðandi leigutaki er ósáttur við ástand nefndra tækja eða ástand húsnæðis að öðru leyti er ráðlagt að biðja um úrbætur um leið og samið er um leiguverð, enda sýnir reynslan að oft er erfitt að fá leigusala til slíkra úrbóta eftir að samningur hefur verið undirritaður.

Belgísk húsaleigulög eru ströng og er mál manna að þau verndi rétt leigusala á margan hátt betur en rétt leigutaka. Þannig ber leigutaka að kaupa brunatryggingu fyrir hið leigða og ber ýmsan viðhaldskostnað, sem á Íslandi félli í hlut leigusala. Húsaleigusamningar eru yfirleitt gerðir til þriggja eða níu ára og eru hinir síðarnefndu algengari. Óþarft er að fá hland fyrir hjartað þótt rætt sé um níu ár í þessu sambandi, enda venja að samningi sé skipt í þrjú tímabil, svokallaður 3-6-9 samningur, og er hann óuppsegjanlegur af hálfu leigusala, innan hvers tímabils, svo framarlega sem leigutaki greiðir húsaleiguna. Leigusali er og bundinn af óbreyttri leigufjárhæð innan hvers tímabils. Kjósi leigutaki að losna undan slíkum samningi gildir sú regla, að ef honum er slitið innan eins árs greiðir leigutaki skaðabætur, eða réttara sagt sekt, sem nemur þriggja mánaða leigu. Sé honum slitið innan tveggja ára greiðir leigutaki tveggja mánaða leigu í sekt og sé samningi slitið innan þriggja ára greiðir leigutaki sekt sem nemur eins mánaðar leigu. Eftir þrjú ár getur sá hinn sami hins vegar sagt upp samningi með þriggja mánaða fyrirvara, án greiðslu bóta. Erfiðara getur reynst að losna undan þriggja ára leigusamningi án greiðslu bóta. Uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir og er mikilvægt að tilkynna uppsögn til leigusala með ábyrgðarpósti eða

öðrum sannanlegum hætti. Leigutaka ber ávallt að leggja fram tryggingu við upphaf leigutímabils, sem nemur að jafnvirði tveggja til þriggja mánaða húsaleigu.

Rétt er að hafa hugfast að á leigutímabilinu virðist lítið tillit tekið til almenns og venjulegs slits, s.s. snjáðara parket, naglaför og síðra ástand málningar á veggjum, óháð því sem kann um þetta að segja í leigusamningi. Má gefa sem þumalputtareglu að leigutaki sé ábyrgur fyrir öllu sliti og þarf að greiða bætur fyrir slíkt við lok leigutíma. Sérstakir úttektaraðilar meta húsnæði með tilliti til þessa, bæði við upphaf og lok leigutímabils, og ákveða nær einhliða fjárhæð téðra bóta. Vel er kunnugt héðan úr nýlendunni að slíkir aðilar hafi sektað leigutaka um allt að 50 evrur fyrir ónýta peru í ljósastæði og um hundruðir evra fyrir að hafa ekki sinnt viðhaldi garða, eins og leigusala hefur þótt sæmandi. Nánari upplýsingar um leiguhúsnæði og húsaleigusamninga í Belgíu má nálgast á <http://brussels.angloinfo.com/>.

7. Rekstrarkostnaður húsnæðis, viðtaka og skil

Óhætt er að segja að rekstrarkostnaður húsnæðis í Belgíu sé eitt hið neikvæðasta við búsetu í þessu yndislega landi og hugsa margir með söknuði til Íslands þegar viðkomandi reikningar detta inn um lúguna. Vatns-, hita- og gasreikningar geta til samans hlaupið á nokkrum hundruðum evra á mánuði og er því afar mikilvægt að kynna sér þessa kostnaðarliði áður en húsnæði er endanlega valið. Stærð húsnæðis ræður að sjálfsögðu miklu, en þeir Íslendingar eru samt teljandi á fingrum annarrar handar, sem ekki hafa bölvað í hljóði yfir téðum kostnaði.

7.1. Rafmagn og gas

Í Belgíu eru tvö markaðsráðandi fyrirtæki á sviði rafmagns- og gasveita, annars vegar Electrabel og hins vegar Sibelga, en hið síðarnefnda er allsráðandi í öllum 19 hverfum Brussel. Er því sjálfgefið að flest okkar munu eiga viðskipti við Sibelga, en á heimasíðu fyrirækisins (<http://www.sibelga.be/en>) má nálgast gagnlegar upplýsingar um orkuverð. Er sérstök athygli vakin á því að fyrirtækið býður upp á svokallað Dual Rate System, sem felst í því að gjaldmælirinn er tvöfaldur, þ.e. mælir annars vegar notkun á háannatíma (ýmist milli kl. 07-22 eða 08-23 eftir hverfum) og hins vegar á

lágannatíma. Má þannig spara peninga með því að nota uppþvottavélar, þvottavélar og þurrkara seint á kvöldin, um nætur og helgar.

Rafmagnsspenna er hin sama og á Íslandi og rafmagnsklær og innstungur svipaðar. Þó er hér pinni, sem gengur út úr innstungum fyrir jarðtengingu og því nauðsynlegt að skipta út klóm á þeim heimilistækjum sem þurfa jarðtengingu, þ.e. eldavélar, ísskápar, frystiskápar, þvottavélar og uppþvottavélar.

Í Belgíu gilda strangar reglur um eftirlit og viðhald með gaskyndingarbúnaði, sem og skorsteinum í þeim íbúðum og húsum sem búin eru virkum arni eða örnum. Leigutaka er skylt að láta fagaðila hreinsa kyndingarbúnað og skorsteina einu sinni á ári og ber sjálfur allan kostnað af því. Vanræksla á þessu getur ógilt brunatryggingar, en leigutaka ber að hafa slíka tryggingu. Vanræksla á viðhaldi gaskyndingarbúnaðar getur og valdið sprengihættu og hefur leitt til dauðsfalla. Leigutaki ber og ábyrgð á því að gangstétt fyrir framan húsnæði sé hættulaus, en detti gangandi vegfarandi, t.d. vegna hálfu, getur leigutaki orðið bótaskyldur. Því er skynsamlegt að íhuga kaup á almennri ábyrgðartryggingu (*Responsabilite Civile*) vegna slíkra atvika.

7.2. Neysluvatn

Vatn má drekka úr krönum án þess að sjóða fyrst. Sérstakur vatnsskattur er greiddur fyrir kalt vatn, og heitt ef um fjarhitun er að ræða. Í vatninu er mikið kalk og því nauðsynlegt að setja reglulega gróft salt í uppþvottavélar. Einnig er gott að bæta við afkölkunarefni, sem fæst bæði fljótandi og í duftformi, og er það ýmist sett í hólfi með þvottaduftinu eða beint í vélina. Hið sama gildir um þvottavélar, en ella munu þær skemmast á skömmum tíma. Í sumum húsum er sérstakt afkölkunarkerfi fyrir allt vatn og eru þá nefndar verndarráðstafanir óþarfar, en þess í stað þarf að setja sérstakar salttöflur í kerfið. Edik er ágætt til afkölkunar, s.s. á kaffivélar, og skrófa má sigti af krönum og láta þau liggja í edikvatni yfir nótt. Í stærri matvöru- og raftækjaverslunum má kaupa vatnskönnur, sem afkalka drykkjarvatn heimilisins.

7.3. Sími, internet og sjónvarp

Aðgangur að internetinu er þarfaping á nær hverju heimili og er val á fyrirtækjum í Belgíu sem veita slíka þjónustu. Áður en gengið er til samninga ber að hafa í huga atriði eins og flutningsgetu og hvort greitt er fast gjald eða eftir notkun. Meðal fyrirtækja sem bjóða landlínu- og internetþjónustu eru Belgacom og Mobistar. Belgacom býður einnig upp á sjónvarpsáskrift og hafa því margir nýbúar valið að skipta við það fyrirtæki. eru þó ekki allir á eitt sáttir með þjónustu Belgacom. Af öðrum fyrirtækjum á sjónvarpsmarkaði má nefna Coditel. Hafa ber í huga að skilmálar fjarskiptafyrirtækja geta verið mismunandi með tilliti til uppsagnar, en algengast er að uppsagnarfrestur sé tveir mánuðir fyrir brottför.

7.4. Þjófavarnir og tryggingar

Töluvert er um innbrot í Brussel og hafa nokkrir Íslendingar orðið fyrir barðinu á því. Áður en húsnæði er tekið á leigu er því skynsamlegt að kanna hvernig lýsingu er háttað í götu og við hús og hversu vel sést inn í húsnæði frá götu. Skynsamlegt er að gera ráð fyrir öryggiskerfi. Ávallt skal læsa útidyrum og loka gluggum ef farið er að heiman, en vanhöld á slíku geta leitt til niðurfellingar á bótaskyldu tryggingafélaga. Félög á borð við KBC bjóða upp á bruna-, innbús- og þjófnaðartryggingar, auk bifreiðatrygginga.

7.5. Viðtaka og skil

Áður en tekið er við leiguhúsnæði er mikilvægt að kanna hvort búið sé að gera upp gas-, rafmagns-, vatns- og símreikninga fyrri íbúa. Jafnframt þarf að ganga til samninga um sömu þjónustu. Þá er rétt að kanna hvort hvort síma-, tölvu- og sjónvarpstengingar séu til staðar í húsnæðinu og þjóni hlutverki sínu með eðlilegum hætti, en ef svo er ekki er ráðlegt að semja, eða reyna að semja, við leigusala um uppsetningu nýs búnaðar.

Við skil á leiguhúsnæði þarf að segja upp öllum þjónustusamningum, s.s. rafmagn, gas, sími og tryggingar. Er skynsamlegt að gera þetta með þriggja mánaða fyrirvara og nota ábyrgðarpóst.

8. Sorphirða og garðsláttur, hin heilaga tvenna

8.1. Sorphirða

Flest sveitarfélög í Belgíu krefjast þess að sorp sé flokkað (grænir pokar fyrir garðúrgang, bláir fyrir endurvinnanlegar plastumbúðir, mjólkurumbúðir og dósir, gulir fyrir pappa, s.s. utan af morgunkorni, og hvítir fyrir annan daglegan neysluúrgang). Önnur sveitarfélög láta nægja að flokkað sé í lífrænan úrgang og annað. Mismunandi er eftir sveitarfélögum hversu oft endurvinnanlegt sorp er tekið, en almennt sorp er yfirleitt hirt tvisvar í viku. Er afar brýnt að kynna sér sorphirðu í sínu hverfi, sem og hvernig flokka skal úrgang, en fari fólk ekki að settum reglum má búast við því að sorpið verði ekki tekið, auk þess sem heimilt er að sekta fólk fyrir ítrekaða vanrækslu. Kaupa þarf fyrrgreinda sorppoka, merkta viðkomandi sveitarfélagi, en þeir fást í öllum stærri matvöruverslunum. Athugið að verð á pokunum er afar mismunandi eftir sveitarfélögum og ræðst af skattheimtu sem er innifalin í pokaverðinu. Pokana þarf að setja út á gangstétt, annað hvort seint kvöldið áður en sorpið er hirt eða mjög árla morguns sama dag. Ekki láta ykkur koma á óvart þótt pokakarlarnir (þeir gulu og bláu, þeir hvítu og loks þeir grænu) banki upp á hjá ykkur dagana fyrir jól og biðji um örllítinn jólabónus. Þykir sumum fengur í því að gauka sossu eins og 10 evrum að hverjum hópi, sér í lagi þeir sem eiga vanda til að svindla í flokkunarmálum, en bónusinn virðist hafa jákvæð áhrif á karlana þegar þeir meta hvort pokarnir fullnægi lágmarkskröfum um flokkun.

Um endurvinnanlegar glerumbúðir, s.s. undan bjór og víni, gilda sérreglur, en þeim má skila í sömu stórverslun og þær voru keyptar í, gegn endurgjaldi. Þá eru í öllum hverfum sérstakir gámar, hvítir og grænir, sem taka við glerúrgangi.

Líkt og á Íslandi eru endurvinnslustöðvar í flestum ef ekki öllum hverfum og má þar losa annan úrgang, s.s. málningardósir og timbur, og henda gömlu dóti og drasli. Viðkomandi þarf þó að sanna með framvísun persónuskilríkja að hann búi í viðkomandi hverfi. Kemur þetta sér illa fyrir sendiráðsstarfsmenn, en persónuskilríki

þeirra bera ekki með sér heimilisfang. Þeim til happs eru Belgar miklir safnarar og er fátt sem ekki hverfur innan klukkutíma eða svo ef það er skilið eftir úti á gangstétt. Má hér nefna reiðhjól, fatnað, hljómtæki, sjónvörp, potta og pönnur, skápa og stóla. Af sömu ástæðu er ráðlegt að skilja ekkert eftir í reiðileysi fyrir utan íbúðarhúsnæði.

8.2. Garðsláttur

Garðúrgangur er yfirleitt hirtur á sunnudögum, svo framarlega sem hann er settur í grænu pokana eða bundinn saman, s.s. trjágreinar og sprek. Afar mikilvægt er að virða þá skráðu eða óskráðu reglu að algjört bann er við því að nota sláttuvél eða önnur rafmagnstæki við garðvinnu á sunnudögum og öðrum almennum frídögum. Ein öruggasta leiðin til að eignast “óvini” í nýju umhverfi er að brjóta gegn þessari reglu og skiptir þá ekki máli hvort viðkomandi réttlæti fyrir sjálfum sér að ætlað verk taki aðeins örfáar mínútur. Er líklegra en hitt að nágranni eða nágrennanar kvarti umsvifalaust. Gerist þetta ítrekað gæti lögreglan knúið dyra.

9. Bifreiðar, belgísk umferð og umferðarreglur

9.1. Bifreiðar

Þeir sem flytja bifreið frá Íslandi þurfa að framvísa upprunavottorði (*Certificat de Conformite*) frá seljanda eða umboði bifreiðarinnar til að geta skráð hana í Belgíu. Almennt tekur um eina til þrjár vikur að fá númeraplötur. Eftir það þarf að fara með bifreiðina í skoðun hjá bifreiðaeftirliti (*Controle Technique*) og fyrst í framhaldi af því fær viðkomandi skráningarskírteini í hendur. Áður en ákvörðun er tekin um að flytja með sér bifreið er rétt að huga að endursöluverði hennar, annars vegar á Íslandi og hins vegar í Belgíu, en óvíst er hvort borgi sig að standa í slíku, enda er kaup- og endursöluverð notaðra bifreiða hér lágt. Bifreiðar sem eru fjögurra ára eða eldri þarf að láta skoða árlega. Ef keypt er ný bifreið af umboði er hægt að biðja sitt tryggingafélag að annast um skráningu og öflun númeraplatna. Er þetta jafnan gert gegn vægu gjaldi, en sparar að sama skapi ómælda fyrirhöfn og ítrekaðar ferðir um

völundarhús belgísku skrifræðis. Að kaupa og selja notaða bifreið er öllu snúnara, en ýmsar skyldur hvíla á jafnt kaupanda sem seljanda og þarf að framkvæma þær í hárréttri röð með tilheyrandi öflun ýmissa skjala og vottorða. Ekki láta ykkur koma á óvart þótt allt að tveir mánuðir líði frá því að samningur er handsalaður og þar til bifreiðin fæst löglega afhent nýjum eiganda. Má hiklaust mæla með lestri vefsíðunnar <http://brussels.angloinfo.com/countries/belgium/carbuy.asp> áður en lagt er út í þetta forað.

Bifreiðar skulu vera ábyrgðartryggðar hjá belgísku tryggingafélagi. Að auki er í boði úrval húftrygginga (kaskó) og er frjálst að taka slíkar tryggingar hjá félögum utan Belgíu. Altjónstrygging er góður kostur og tekur hún meðal annars til þjófnaðar, en stutt er síðan reyndi á slíka tryggingu hjá íslenskri fjölskyldu. Lögum samkvæmt skulu bifreiðar búnar þokuljósi að aftan, öryggisbeltum fyrir ökumann og alla farþega, handslökkvitæki, sjúkrakassa og einum viðvörðunarsíðingum. Ef bifreið stöðvast á vegum úti, t.d. vegna bilunar, er óheimilt að stíga út úr henni án þess að klæðast sjálflýsandi vesti. Loks er skylt að geyma tryggingarskírteini, skráningarskírteini og eyðublað fyrir tjónstilkynningar í bifreiðinni. Brot á nefndum reglum varða sektum.

TOURING CLUB, <http://www.touring.be>, er félag bifreiðaeigenda í Belgíu og veitir margvíslega þjónustu, t.d. vegna viðgerða og þjónustu dráttarbíla. Einnig má nefna VAB <http://www.vab.be> sem er í samstarfi við KBC tryggingafélagið.

Eldsneytisverð í Belgíu er síst hærra en í nágrennalöndunum og er nokkuð breytilegt, ekki aðeins milli helstu samkeppnisaðila, s.s. Shell, Total, Texaco og Q8, heldur einnig milli einstakra bensínstöðva í eigu sama rísa. Eldsneyti er almennt dýrara í borgum, sem og við hraðbrautir, heldur en í dreifbýli. Þeir sem hyggja á langferðir suður á bóginn og eiga leið um Lúxemborg skulu einnig hafa í huga að eldsneytisverð er lægra, en þar er meðalverð á bensínlítra 1.271 evra og 1.212 á díselolíu, samanborið við 1.586 og 1.497 hér í Belgíu. Munar heldur betur um minna þegar tankurinn er fylltur.

9.2. Umferðarreglur

Umferðarreglur eru svipaðar hér og á Íslandi, þó með þremur afar miklvægum undantekningum. Í fyrsta lagi eiga sporvagnar forgangsrétt gagnvart annarri umferð, nema á gatnamótum með umferðarljósum. Í öðru lagi gildir hér sama regla og víðast hvar í Evrópu að á hringtorgum eru bifreiðar og önnur farartæki ávallt í forgangsrétti, sem eru á ystu akrein eða annars yst á hringtorgi, en EKKI bifreiðarnar sem eru innst, svo sem gildir á Íslandi. Loks er hægri reglan (varúð frá hægri) allsráðandi, en aðalbrautir eru fáar, sem og biðskyldu- og stöðvunarkerki. Er þetta gert til að draga úr umferðarhraða og hvetja til árvekni ökumanna og þykir hafa gefist vel.

Umferðarmenning er almennt góð í Belgíu og flestir ökumenn tillitissamir, en að sama skapi oft ákveðnir í að neyta hægri réttarins, jafnvel án tillits til afleiðinga. Heyrst hefur að ölvunarakstur sé tíður síðla kvölds og að næturlagi, en sumir hika ekki við að fara akandi til og frá veitingastöðum. Refsivert er ef áfengismagn í blóði ökumanns mælist yfir 0,5 prómill. Strangt bann er við notkun farsíma við akstur, án handfrjáls búnaðar. Huga ber vel að hraðatakörkunum, en eftirlitsmyndavélar eru allvíða og geta sektir vegna ökuhraðabrota verið háar. Hámarkshraði er ýmist 30, 50 eða 70 km/klst. í þéttbýli og 90 eða 120 utan þéttbýlis, en þar er og lágmarkshraði 70 km/klst.

10. Vöggustofur, dagheimili og skólar

10.1. Vöggustofur

Barnsburðarleyfi í Belgíu eru stutt og algengt að báðir foreldrar séu útvinnandi. Skal því engan undra að börn eiga rétt á vöggustofuvist frá fæðingu til þriggja ára aldurs. Er rétt að leita nánari upplýsinga hjá viðkomandi sveitarfélagi, en einnig má benda á <http://www.kindengezin.be/> (flæmska) og <http://www.one.be/home.htm> (franska).

10.2. Dagheimli

Heimilisföng dagheimila má finna í símaskránni undir “crèches/kinderdagverblijven”, en þar eiga börn rétt á vistun frá tveggja og hálf til sex ára aldurs. Er ekki óalgengt að rekstur dagheimila sé tengdur grunnskólum og má hér nefna alþjóðlegu skólana British School of Brussels, eða BSB, og International School of Brussels, eða ISB.

10.3. Grunn- og framhaldsskólar

Belgíska skólakerfið þykir almennt gott og eru skólagjöld lág, öfugt við alþjóðlegu skólana, en þar geta árleg skólagjöld hlaupið á tugum þúsunda evra. Á móti kemur að sérþörfum erlendra skólabarna er oft betur sinnt en í belgísku skólunum. Mjög er mismunandi hvaða aldursflokkar eru í hverjum skóla, en sumir bjóða upp á kennslu frá leikskólastigi til stúdentsprófs. Má hér nefna BSB og ISB. Scandinavian School of Brussels í Waterloo er einn kostur, en þar hafa verið íslensk börn og þau notið einhverrar íslenskukennslu. Skólinn býður annars upp á val milli tveggja leiða (evrópsk leið sem einkum er kennd á frönsku og skandinavísk leið). Evrópuskólinn er ætlaður börnum starfsmanna ESB og fastanefnda aðildarríkjanna og Ameríski skólinn svokallaði er opinn starfsfólki NATO og fastanefndanna þar. Algengt er að börn sendiráðsstarfsmanna og EFTA starfsmanna sæki annað hvort ISB eða BSB, en báðir bjóða upp á IB nám, sem er alþjóðlegt stúdentspróf og er miðað við að nemendur ljúki því á tveimur árum.

Skólar í Belgíu bjóða í vaxandi mæli upp á góðar upplýsingar á heimasíðum sínum. Þá má benda á vefinn www.idj.be, sem hefur að geyma hagnýtar upplýsingar um belgíska skóla eftir íbúðarhverfum, en þeir verða oft fyrir valinu hjá Íslendingum með yngri börn, sem læra þá frönsku/og eða flæmsku frá blautu barnsbeini. Athugið að sumir skólanna krefjast ekki skólagjalda.

11. Heilbrigðisþjónusta

11.1. Almenn

Heilbrigðisþjónusta er góð í Belgíu, bið eftir tíma hjá heimilislækni eða sérfræðingi almennt lítil og kostnaður við heimsókn á stofu eða sjúkrahús óverulegur. Algengt er að sjúklingur þurfi að leggja út 25-50 evrur, en fær endurgreiðslu á stórum og jafnvel stærstum hluta reiknings gegn framvísun hjá sjúkratryggingafélagi sínu. Sum félög endurgreiða allan kostnaðinn, en þar eru iðgjöld einnig hærrí en ella. Margir læknar tala ágæta ensku, en rétt er þó að huga að þessu atriði áður en tími er pantaður. Ef leggjast þarf inn á sjúkrahús er stundum krafist tryggingargjalds. Jafnframt ber að framvísa sjúkratryggingaskírteini. Sjúkrahúslega er dýr og því nauðsynlegt að hafa góða tryggingu.

Í Brussel er fjöldi sjúkrahúsa og erfitt að mæla með einu framur öðru. Meðal þess sem mætti hafa í huga er hvort viðkomandi spítali sé í frönskumælandi eða flæmskumælandi hverfi, en ekki má ganga að því vísu að læknar og hjúkrunarfólk tali ensku. Að öðrum ólöstuðum þykja háskólasjúkrahúsið Clinique Saint Luc, 1200 Brussel og Hopital Erasme, 1070 Brussel, einkar góð.

Í neyðartilfellum skal hringt í síma 100 eða 112 og biðja um sjúkrabíl. Lögregla er þá látin vita og er hægt að rekja heimilisfang út frá símanúmeri ef símtól hefur ekki verið lagt á. Í minna áriðandi tilfellum ber að hringja í sjúkraflutninga Rauða krossins í síma 105.

Læknamiðstöðvar eru víða og, að öðrum ólöstuðum, hafa sumir nýlendubúa í Brussel lýst lofi á Louise Medical Center, Avenue Louise 284, 1050 Ixelles, en læknar og annað starfsfólk eru enskumælandi (<http://www.louise-medicalcenter.be/>)

Líkt og á Íslandi er nauðsynlegt að hafa skráðan heimilislækni og rétt að velja hann með tungumálakunáttu í huga. Hér gæti verið gagnlegt að skoða heimasíður breska sendiráðsins og þess bandaríska, en þær hafa nýst ágætlega hingað til og vart við öðru að búast en að viðkomandi sendiráð vísi aðeins á toppfólk. Gegnir hinu

sama um þjónustu tannlækna, en í neyðartilvikum er tannlæknavakt alla virka daga frá kl. 19-23 og um helgar frá kl. 08-17 í síma 02/426.10.26.

11.2. Sálfræðingar og geðlæknar

Community Help Service (<http://www.chsbelgium.org>) eru frjáls félagasamtök, sem reka hjálparlínuna 02/648.40.14 allan sólarhringinn, t.d. vegna vímuefnavanda, og hafa einnig á sínum snærum enskumælandi sálfræðinga og geðlækna, sem veita hvort heldur einstaklings- eða fjölskylduráðgjöf.

11.3. Apótek

Apótek eru mjög víða í Belgíu og hafa á virkum dögum svipaðan opnunartíma og almennar verslanir. Þá eru sum apótek opin fram að hádegi á laugardögum. Lista yfir helgar- og hátíðsdagabjónustu má oft finna á dyrum apóteka og á heimasíðunum <http://www.apoteek.be/> og <http://www.pharmacie.be/>. Apótekavakt er í síma 02/479.18.18 allan sólarhringinn og sér hún einnig um að senda lækna í húsvitjanir.

11.4. Fæðingar- og ungbarnaeftirlit

Fæðingu barns þarf að skrá hjá viðkomandi sveitarfélagi innan þriggja virkra daga. Ungbarnaeftirlit er ókeypis og er í höndum ungbarnaeftirlitsins Office National de l'Enfance eða ONE, <http://www.one.be/home.htm>, sem gefur upplýsingar um hvar eftirlitið er (franska). Um upplýsingar á flæmsku vísast til <http://www.kindengezin.be/>.

12. Verslanir, veitingastaðir o.fl.

12.1. Matvöruverslanir, bakarí o.fl.

Íslendingar eru góðu vanir þegar kemur að mat og drykk og má fullyrða að Belgía mun ekki valda vonbrigðum á því sviði. Ólíkt Íslandi er “kaupmaðurinn á horninu” í fullu fjöri og gnægð lítilla matarverslana í bæjum og borgarhverfum, sem selja helstu nauðsynjar, að viðbættu tóbaki og áfengi. Þá eru víða næturverslanir, “Night Shops”, sem þjóna sama hlutverki um kvöld og helgar. Verðlag er hærra í slíkum verslunum.

Svipað gildir um bensínstöðvar, en sumar eru opnar fram á kvöld og þykja dýrar. Bakarí eru víða, sem og “slátrarin á horninu”, en ekki vænta þess að hann eða dömurnar í bakaríinu tali ensku. Að bensínstöðvum frátöldum má ekki ganga út frá að ofangreindir aðilar taki við debet- og kreditkortum. Stórar matvöruverslanir, eða verslunarkeðjur, eru víða og eru þær vinsælustu Carrefour, Delhaize og Colruyt. Allar stærri keðjur bjóða viðskiptavinum upp á félagakort með tilheyrandi punktasöfnun og afslætti. Ef bera ætti tilvitnaðar keðjur saman við stærri matvöruverslanir á Íslandi, sér í lagi að því er varðar verð og ánægju af innkaupum, mætti segja að Carrefour sé eins og Hagkaup eða Nóatún á verðlækkunardögum, Delhaize þær hinar sömu á venjulegum degi og Colruyt sé eins og Bónus eða Krónan, allt þó með þeim fyrirvara að verðlag er almennt töluvert lægra hér en á Íslandi. Á þetta ekki síst við um áfengi og tóbak, sem selt er í öllum matvöruverslunum. Meðal sérsverslana er rétt að nefna Skandinavísku búðina í Waterloo, sem býður m.a. upp á takmarkað úrval af íslensku sælgæti, sem og malt og appelsín, en verslunin er ekki í ódýrari kantinum. Rob The Gourmets Market (ekki tilboð um að ræna verslunina) svíkur engan, en mun koma við pyngjuna og þeir sem hafa smekk fyrir breskan mat og drykk verða ekki sviknir af Stonemanor.

12.2. Önnur verslun

Brussel sver sig í ætt við aðrar stórborgir og býður upp á mikið úrval sérsverslana af öllu tagi. Fyrir þá sem eltast við tískuna er bent á verslunargötuna Rue Neuve í hjarta miðborgarinnar og Avenue Louise, en þar taka helstu merkjavöruverslanir vel á móti sínu fólki. Ikea er með tvær risaverslanir, annars vegar í Zaventem og hins vegar í Anderlecht. Þar má einnig finna Decathlon, sem er langstærsta, og líklega ódýrasta, íþrótt- og útvistarbúðin á Brusselsvæðinu. Decathlon verslun er einnig að finna í bænum Wavre, skammt sunnan Brussel. Óhætt er að mæla með Antwerpen sem verslunarborg og er mál manna, a.m.k. karla hér í nýlendunni, að ólíkt skemmtilegra sé að fylgja konunni eftir um aðalverslunargötu Antwerpen en ráfa um Rue Neuve. Háskólabærinn Leuven er einnig góður kostur, enda sægur verslana, s.s. H&M og Zara, svo dæmi séu tekin, lífleg kaffihús, og þar er stórfenglegt ráðhús (Town Hall),

sem er frá miðöldum. Loks má benda á að stutt er til Aachen í Þýskalandi, en þar má gera góð kaup í mat og öðru, enda almennt verðlag lægra í Þýskalandi en í Belgíu.

Bókaverslanir selja almennt hvorki bækur né tímarit á ensku, en í Brussel eru tvær enskar bókabúðir, sem unnt er að mæla með; Waterstone's og Sterling Books, en báðar eru í hjarta miðborgarinnar.

Sérstök athygli er vakin á því að flestar húsgagnaverslanir liggja ekki með neinn lager og þarf því að sérpanta þá vöru sem viðskiptavinurinn óskar eftir að kaupa. Á slíkt jafnvel við um náttborð og lítil sófaborð. Látið ykkur því ekki bregða þótt vikur og jafnvel mánuðir líði frá því að þið sjáið drauma sófasettið í einhverri búðinni og þar til sófinn er kominn heim í stofu. Almennt má og segja að þjónustustig og þjónustulund hér í Belgíu sé annað og lægra en heima á Íslandi.

12.3. Almennir opnunartímar, hátíðsdagar

Verslanir eru almennt opnar mánudaga til laugardaga frá kl. 09-18, þótt allur gangur geti verið á því. Matvörukeðjurnar hafa opið jafnvel til kl. 20, en þær eru allar lokaðar á sunnudögum. Carrrefour og Delhaize reka þó víða lítil útibú, sem eru opin á sunnudögum. Þá virðist kaupmaðurinn á horninu sjaldan unna sér hvíldar og eru slíkar verslanir margar hverjar opnar fram eftir kvöldi í miðri viku, sem og um helgar.

Belgar eiga ekki marga frídaga og eru þeir helstu jóladagur, nýjársgdagur, páskadagur og annar í páskum, uppstigningardagur, mánudagur eftir hvítasunnu og allraheilagra dagur. Á öðrum yfirlýstum frídögum má búast við því að hinn almenni launamaður mæti til vinnu, og matvöruverslanir eru m.a.s. opnar á öðrum í páskum og strax eftir hvítasunnu. Þá virðast blessaðir ruslakarlarnir aldrei eiga frí, en sorp er allt eins hirt á jóladag og nýjársgdag, svo dæmi séu tekin.

12.4. Útimarkaðir

Belgar eru safnara- og skranþjóð af Guðs náð og óvíða eru jafnmargir útimarkaðaðir og hér. Eru sumir opnir daglega á meðan aðrir eru haldnir einu sinni í viku. Má oft gera þar góð kaup hvort heldur í mat og drykk eða með því að næla sér í ódýrt reiðhjól, málverk, lampa, teppi, fatnað, húsgögn, hljómtæki eða hurðarhúna, svo fátt

eitt sé nefnt, en gárungarnir hafa á orði að það sem hverfur með einum eða öðrum hætti fyrir húsin okkar megi kaupa til baka á útimarkaði nokkrum dögum síðar.

12.5. Veitingastaðir og kaffihús

Belgía er mekka matargerðar og eru Michelin veitingastaðir á hverju strái. Kunnugir segja að hér sé nánast útilokað að fá vandan mat, jafnvel þótt sérstaklega væri farið fram á það. Er enda svo að nýlendubúar mæla sumir dvölinna í Belgíu í kílóþyngd í stað ára. Þótt maturinn beri oft keim af franskri matargerðarlist eru belgískir réttir einnig ljúffengir og skammtastærðin fremur í þýskum anda en frönskum. Talandi um “franskar” þá er óráðlegt að biðja um franskar kartöflur á nokkrum veitingastað. Hér í landi heita þær “belgískar kartöflur” og er þetta nær heilagt orðasamband. Í öllum stærri borgum og bæjum má finna úrval ítalskra, grískra, austurlenskra og indverskra veitingastaða, svo dæmi séu tekin af því alþjóðlega landslagi sem ríkir í matargerð. Athugið að margir veitingastaðir hafa lokað í ágúst vegna sumarleyfa. Að lokum skal nefnt að í Brussel einni eru um 1900 veitingahús og 1100 kaffihús.

12.6. Leigubílar

Mjög er mismunandi hver þörfin er fyrir leigubíla í Brussel. Í símaskránni má finna upplýsingar um hvaða leigubílastöðvar eru næstar hverju hverfi/vinnustað fyrir sig, en í miðbænum og þar í grennd er yfirleitt auðvelt að húkka leigubíl eða finna næsta leigubílastand. Að öðrum ólöstuðum hefur fyrirtækið Taxi Verts, 02/349.46.46 reynst mörgum nýlendubúanum einkar vel. Þótt einkennilegt megi virðast eru furðu margir leigubílstjórar sem virðast þekkja lítið til úthverfa Brussel og er þá málið að leiðbeina þeim miskunnarlaust, ella er hætta á því að farinn verði þínu útúrdúr. Vandamálið er hins vegar að fáir bílstjórar tala ensku. Þá virðast blessaðir mennirnir vart kunna á gps tæki og hafa margir nýlendubúar, sem ekki mæla á frönsku, nagað neglur upp í kvikur á meðan þeir horfa á húsið sitt nálgast óðfluga á skjá gps tækis leigubifreiða, aðeins til þess að hverfa aftur af skjánum. Leigubílstjórum til hróss má á hinn bóginn segja að þeir eru almennt kurteisir og þjónustuliprir og er akstur með leigubíl ekki dýr kostur samanborið við aðrar stórborgir. Er Reykjavík þar með talin.

Ef flytja þarf hluti, s.s. keyptan IKEA varning, er Taxi Verts svarið, en IKEA og aðrar stærri verslanir bjóða einnig heimkeyrslu, þó ekki endilega endurgjaldslaust.

13. Afþreying

Menningarlíf í Brussel er fjölbreytt og er hér mikið úrval góðra listasafna, tónleika- og kvikmyndahúsa. Íslenskir listamenn halda hér oft tónleika og margar af þekktustu rokk- og poppstjörnum heims koma við á tónleikaferðalögum um heiminn. Belgar eru alætur á teiknimyndabækur, enda margar af þekktustu teiknimyndahetjunum fæddar hér, s.s. Tinni, Strumpanir og Lukku Láki. Er og sérstakt teiknimyndasafn í Brussel, sem margir hafa hrifist af, og Tinnasafn (Hergésafnið) er í Nýju Leuven (Louvain-La-Neuve). Þá eru víða almenningsgarðar, þar sem gaman er að fara í lautarferðir, sparka bolta með börnunum og sumstaðar eru lítil vötn og má þar leigja hjólabáta á sumrin. Að öðrum ólöstuðum þykir garðurinn í Kessel-Lo sérlega skemmtilegur, en hér er um smábæ að ræða skammt austan við Leuven. Skammt sunnan við Brussel er risastór tívólí- eða skemmtigarður (Walibi) fyrir börn á öllum aldri og er hann opinn langt fram á haust. Skóglendi er víða í Brussel og kjörið að nýta sér göngu- og hjólastíga sem þar eru. Má annars benda á handbókina Guide-Tourist Attractions and Museums in Belgium, sem gefin er út árlega og geymir ótal upplýsingar um hvað hægt er að gera sér til afþreyingar.

14. Brussel eftir hverfum

Lausleg samantekt sýnir að flestir Íslendingar virðast hafa hreiðrað um sig í Brussel B-1000, Ixelles (B-1050), Wezembeek-Oppem (B-1970) og Woluwe St. Lambert (B-1200), en að sjálfsgöðu er þetta breytingum háð. Hér á eftir má finna stutta samantekt um tilvitnuð hverfi og nokkur önnur, sem valin eru af handahófi, en ætlunin er að bæta hér við gagnlegum upplýsingum í framtíðinni, með dyggri aðstoð þeirra nýlenduíbúa sem búa á hverjum stað. Í lok hvers kafla eru eftir atvikum upplýsingar um Íslendinga, sem þar búa og hafa góðfúslega veitt leyfi fyrir því að

vera tengiliðir við sitt hverfi og veita nánari aðstoð og upplýsingar ef til þeirra er leitað.

14.1. Höfuðstaðurinn Brussel

Sem hverfi afmarkast þetta svæði af póstnúmerunum 1000, 1020, 1040 (Etterbeek), 1050 (Ixelles), 1120 og 1130, og er stærsta og fjölmennasta “hverfi” borgarinnar. Hér undir falla t.d. Evrópuhverfið, Sainte Catherine, Sablon, Afríkuhverfið svokallaða í kringum St. Boniface, og svo auðvitað miðborgin sjálf með hinu ægifagra Grand Place. Meðal nýlendubúa er Ixelles sérlega vinsæll búseturstaður og er hverfið rómað fyrir Place Chatlain, en þar er vinsæll útimarkaður (matur, drykkur o.fl.) á hverjum miðvikudegi og þykir hann sér í lagi líflegur á sumrin. Fjöldi góðra veitinga- og kaffihúsa er í hverfinu, sem og vönduð bakarí og “gourmet” matarbúðir. Stutt er í tískuhúsin á Avenue Louise. Tengiliður okkar í Ixelles er Sigfús Þ. Sigmundsson (sigfus.sigmundsson@gmail.com)

14.2. Ukkel/Uccle (B-1180)

Ukkel er næst stærsta hverfið í Brussel, jafnframt eitt hið efnaðasta, og afar vinsælt meðal svokallaðra “expata”. Hverfið er skógivaxið að 2/3 hlutum og eru víða einkar falleg íbúðarsvæði. Þar er stórt verslunarhverfi og ágætar samgöngur inn í miðborg Brussel.

14.3. Anderlecht (B-1070)

Anderlecht er þriðja stærsta hverfið og er hér um blandað iðnaðar- og íbúðasvæði að ræða. Hverfið er með þeim fátækari í Brussel og hafa innflytjendur af ólíku þjóðerni hreiðrað þar um sig. Samgöngur eru mjög góðar innan hverfisins, sem og tengingar við miðborgina.

14.4. Watermael-Boitsfort/Watermaal-Bosvoorde (B-1170)

Watermael-Boitsfort er fjórða stærsta hverfið og er víða skógivaxið. Hverfið þykir rólegt og fjölskylduvænt og býr yfir mörgum fallegum íbúðargötum. Þar er vinsæll útimarkaður á sunnudagsmorgnum (matur, drykkur o.fl.). Almenningsamgöngur eru

góðar innan hverfisins, sem og tengingar við miðborgina, en metro gengur beint í Evrópuhverfið og þaðan niður í bæ. ISB skólinn er hér til húsa, sem og prýðileg innisundlaug (Calypso 2000). Stutt er í stóra Carrefour verslun, en hún stendur á mótum Watermael-Boitsfort og Auderghem. Tengiliður okkar er Jónas Jóhannsson (iramod@yahoo.com).

14.5. Auderghem/Oudergem (B-1160)

Auderghem þykir að öðrum hverfum ólöstuðum eitt hið besta og þægilegasta til að búa í. Hverfið er víða skógivaxið og úrval fallelgra og rólegra íbúðargatna. Þar er prýðileg verslunargata og keðjurnar Carrrefour, Delhaize og Colruyt eiga hér allar verðuga fulltrúa. Almenningsangöngur eru góðar, sem og metro tenging við Evrópuhverfið og miðborgina. Tengiliður okkar hér er Ragnhildur Inga Guðbjartsdóttir (rig@simnet.is).

14.6. Wouluwe-Saint-Lambert/Lambrechts-Woluwe (B-1200)

Hér hafa margir nýlendubúar skotið niður rótum og líkað vel, enda hverfið rólegt og víða græn útivistarsvæði. Woluwe Shopping Centre svíkur engan og kemur í stað Kringlunnar fyrir þá sem vilja ráfa á milli verslana og veitingastaða þegar kalt er í veðri. Saint Luc sjúkrahúsið er hér til húsa, sem og gourmet matarbúðin Rob's. Stutt er til IKEA í Zaventem. Almenningsangöngur eru góðar, sem og tengingar við miðborgina. Tengiliður okkar er Steinunn Pálsdóttir (steinunn.palsdottir@utn.stjr.is).

14.7. Wezembeek-Oppem (B-1970)

Hverfið fellur utan hinna 19 sveitarfélaga Brussel, þótt lega þess gefi slíkt alls ekki til kynna. Hér búa margir Íslendingar, enda hverfið rólegt og fjöldi skemmtilegra íbúðargatna. Almenningsangöngur eru góðar og stutt að fara í Woluwe Kringluna. Tengiliður okkar er Auðbjörg Halldórsdóttir (audbjorg.halldorsdottir@utn.stjr.is).

15. Neyðar- og þjónustunúmer, gagnlegir tenglar á netinu

Hér á eftir má finna töflu yfir helstu neyðar- og þjónustunúmer í Belgíu, þótt það sé einlæg vonar okkar hjá Íslandsfélaginu að lesendur handbókarinnar þurfi aldrei að grípa til þeirra. Einnig fylgir listi yfir gagnlega tengla á netinu. Jafnframt er fólki bent á google leitarforritið, en með því að slá inn einföldu leitarorði má finna þar upplýsingar um nánast hvað sem er í Belgíu.

Neyðar- og þjónustuaðilar	Símanúmer
lögregla	101
Neyðarlína	112
Sjúkra- og slökkvilið	100
Rauði krossinn (sjúkrabílar)	105
Upplýsingar um lækna (Brussel)	02/479.18.18
Apótek (Brussel)	0900-10-500
Upplýsingar um tannlæknavakt (Brussel)	02/426.10.26

Listi yfir gagnlega tengla á netinu

<http://www.brussels.irisnet.be/> er heimasíða Brussel og er þar sægur upplýsinga, á ensku, frönsku og flæmsku, um borgina sjálfa, menningarlíf og samgöngumál, svo fátt eitt sé nefnt.

<http://www.belgique-tourisme.net> er góð síða fyrir alla túrista, hvort heldur þá sem hér búa og vilja kynnast landi og þjóð, eða aðra sem hingað leggja leið sína.

<http://www.numbeo.com/cost-of-living/> er einkar fróðleg síða með upplýsingum og samanburði á rekstrar- og upphaldskostnaði í flestum borgum heims, s.s. varðandi húsaleigu, eldsneyti, veitingastaði, almenningsamgöngur o.fl. ofl.

<http://brussels.angloinfo.com/> er biblía expata og annarra enskumælandi íbúa Belgíu og geymir m.a. frábærar upplýsingar um atvinnu- og húsnæðismál, bílaviðskipti, ýmis þjónustufyrirtæki, jafnt fyrir nýbúa sem þá er búið hafa hér til lengri tíma.

<http://www.xpats.com/> er heimasíða fyrir expata og getur nýst einkar vel.

<http://www.resto.be/> er ómissandi fyrir alla matarlystunnendur og auðveldar fólki að finna veitingastaði vítt og breitt, hvort heldur belgíska, franska, indverska, ítalska, nú eða japanska, svo dæmi séu tekin.

<http://www.bozar.be/home.php?bozar=music&> er ómissandi fyrir aðra listunnendur, s.s. þá er elska klassíska tónlist.

<http://www.iceland.is/> er kynningavefur um Ísland, sem óhætt er að mæla með. Þar má nálgast slóð á heimasíðu sendiráðsins <http://www.iceland.is/iceland-abroad/be/>.

Heimasíðu Íslandsfélagsins í Belgíu er að finna á <http://islandsfelag.com/>.

Þótt gott sé að búa í Belgíu er nauðsynlegt að kíkja heim til Íslands öðru hverju. Flugleiðir hafa reynst okkur nýlendubúum vel gegnum tíðina og hafa veitt okkur veglegan styrk á hverju ári til að halda þorablót. Flugleiðir halda uppi áætlunarflugi milli Keflavíkur og Brussel (Zaventem) frá byrjun júní til septemberloka. Heimasíða félagsins er <http://www.icelandair.is/>.

16. Hollráð húshommans

Í Brussel er starfrækt félag húshomma, eða Húshommafélagið, en það er óformlegur félagsskapur karla, sem ýmist fær ekki atvinnu í Belgíu, stundar hér nám, eða sinnir almennum heimilisstörfum að boði húsbónda síns. Nafn félagsins ku vera franskt að uppruna og hefur enga tilvísun til kynhneigðar félagsmanna, en félagið er opið öllum er falla undir skammstöfunina kk og hafa lifibrauð af öðrum. Félagsmenn hittast með óreglulegu millibili í félagsheimilinu Le Coach, snæða saman hádegisverð, ræða um verð á matar- og hreinlætisvörum og skiptast eftir atvikum á uppskriftum. Þeim sem

áhuga hafa á að ganga í félagið og fullnægja téðum inntökuskilyrðum er bent á að hafa samband við Sigfús Þ. Sigmundsson (sigfus.sigmundsson@gmail.com)

Á aðalfundi Húshommafélagsins ár hvert er tekinn saman listi yfir hollráð ársins, en hann skipa hverju sinni tíu bestu tillögur félagsmanna að skynsemi og sparnaði í rekstrarkostnaði heimilanna. Er listinn fyrir 2011-2012 birtur hér að neðan, í handahófskenndri númeraröð, með góðfúslegu leyfi Húshommafélagsins, en listinn ætti að nýtast jafnt nýbúum sem öðrum í nýlendunni.

* Reyna skal eftir megni að þvo þvotta og leirtau utan háannatíma, en slíkt lækkar raforkureikningana.

* Að sama skapi skal slökkva á ljósi/ljósum þegar farið er út úr herbergi.

* Gera skal matseðil vikunnar og haga innkaupum í samræmi við hann. Þetta sparar ferðir út í búð, auðveldar nýtingu afganga daginn eftir, og sparar umtalsverðar fjárhæðir í matarreikningi fjölskyldunnar. Forðast ber að fara svangur út í búð.

* Bera skal saman verðlag í Carrefour, Delhaize og Colruyt, enda töluverður munur á verðlagi og breytilegt eftir vöruflokkum. Í Carrefour skal þefa uppi “promo”, en promo er ávísun á mikla verðlækkun viðkomandi vöru, sér í lagi kjötvöru.

* Í Colruyt má ávallt kaupa frosinn íslenskan fisk, þótt ekki sé hann ódýr frekar en fiskur almennt í Belgíu.

* Bera skal saman verðlag á eldsneyti, enda breytilegt milli bensínstöðva.

* Eldsneytisverð er lægst í Lúxemborg.

* Spara skal heimilisbílinn og nota almenningssamgöngutæki. Mánaðar- eða árskort geta verið skynsamlegur kostur og sparað mikið fé.

* Í Brussel er ekkert sem heitir “rétt að skjótast”. Umferð er mikil og hæg, þjónusta í bönkum og opinberum stofnunum oft lítil og hæg, og ferð í hinar stærri matvöruverslanir tekur aldrei minna en 60-75 mínútur.

* Varast ber að skilja lykil eftir í kveikjulás heimilisbílsins, því þá virðist lítið mál að stela honum. Altjónstrygging hjá KBC getur bjargað því sem bjargað verður þegar bíllinn er horfinn.

17. Lokaorð

Það er von okkar í stjórn Íslandsfélagsins að handbókin muni nýtast öllum vel er hingað hyggjast flytja eða eru nýlega fluttir í litlu Íslendinganýlenduna okkar í Belgíu. Jafnframt vonum við að þeir nýlendubúar sem fyrir eru geti hagnýtt sér handbókina og að þeir aðstoði okkur við að efla hana enn frekar með jákvæðum ábendingum um allt sem betur mætti fara. Að sama skapi mega þeir ekki styggjast við, þótt ekki sé fjallað um þeirra hverfi að svo stöddu, þótt einhver lýsingarorð séu að þeirra mati of hátt stemmd eða þeir ósáttir við umfjöllun að öðru leyti. Er og beðist velvirðingar á mögulegum misfellum og rangfærslum, sem eru alfarið á ábyrgð félagsstjórnar, en að baki liggur ómæld sjálfboðavinna stjórnarmanna Íslandsfélagsins. Handbókin er eign okkar allra og framtíð hennar ræðst af því hvernig við hlúum að henni.

Félagið býður alla nýbúa velkomna til Belgíu og mun leggja sitt af mörkum til að aðstoða þá við að aðlagast og koma sér fyrir í nýju landi. Aðild að Íslandsfélaginu er öllum opin og greiðsla 50 evru árgjalds (25 evrur fyrir námsmenn og starfsnema yngri en 30 ára) er fljót að skila sér í formi afsláttar á þorrablót félagsins, afsláttar af skólagjaldi Íslenska skólans og annarra fyrirgreiðslna á starfsárinu. Starfsár félagsins er mars til febrúar ár hvert og er aðalfundur haldinn í marsbyrjun. Skilvís greiðsla árgjalda er forsenda fyrir öflugum félagsstarfi. Þeir sem áhuga hafa á félagsaðild, vinsamlegast greiði inn á reikning félagsins: **ING 310-1074359-73**, takið fram að um greiðslu árgjalds sé að ræða og fyrir hverja. Ekki er verra ef jafnframt er tilkynnt til félagsins að greiðsla hafi verið innt af hendi (islandsfelag@gmail.com), en við svo búið ætti símaskrá Íslandsfélagsins fljótlega að berast innan um póstlúguna.